



Fólksbílar

Dekkjastærð 13" - 16"

4.990,-

Jepplingar

5.990,-

Jeppar

Dekkjastærð undir 33"

7.990,-

- **Dekkjahótel** (geymsla á dekkjum)
- **Dekk og felgur í úrvali**
- **Snyrtileg aðstaða og**
- **Alltaf heitt á könnunni**



Dekkjahúsið



Dalbrekku 17, Kópavogi
Sími: 55 33 100
dekkjahusid@dekkjahusid.is
30 ára reynsla og þekking

KÖPPAVOÐGAR

23. MAÍ 2014
9. tölublað 2. árgangur

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



Theódór Júlíusson leikari var útnefndur heiðurslistamaður Kópavogs fyrr í mánuðinum. „Það er mikil vegsemd að vera útnefndur heiðurslistamaður af bæjarfélagi sínu. Ég tala nú ekki um bæjarfélag eins og Kópavog þar sem menningin blómstrar,” sagði Theódór í ræðu sinni við tækifærið, en viðurkenningin var afhent í Gerðarsafni. Sjá einnig bls. 2.

Sérhæfum okkur í öllu Apple Mac, iPhone og iPad



Viðgerðir

Aukahlutir



iSíminn - Skipholti 21 - 105 Reykjavík - s. 534 1400 - isiminn@isiminn.is

Skil frambjóðenda í prófkjöri til Ríkisendurskoðunar:

Sjálfstæðismenn enn í vanskilum

Hvorki Ármann Kr. Ólafsson né Margrét Friðriksdóttir, sem sitja í tveimur efstu sætum á frambóðslista Sjálfstæðisflokksins, hafa skilað Ríkisendurskoðun upplýsingum um kostnað við prófkjör. Minnihluti frambjóðenda í prófkjörinu hefur skilað upplýsingum til stofnunarinnar.

Prófkjórið fór fram 8. febrúar, en frambjóðendur hafa þrjá mánuði til að skila upplýsingum til Ríkisendurskoðunar, samkvæmt lögum. Sá frestur er nú liðinn.

Karen Elísabet Halldórsdóttir, sem er í þriðja sæti listans, hefur skilað uppgjöri. Það hefur einnig gert Hjördís Johnson sem er í fjórða sæti.

Greint var frá því í fréttum Ríkisútvarpsins í september 2012 að enginn bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi hefði skilað Ríkisendurskoðun uppgjöri vegna sveitarstjórnakosninganna 2010. Þeir fóru hátt í tveimur árum fram yfir lögbundinn frest til að skila uppgjöri, oddvitinn þar á meðal.

Sjá bls. 2.

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS**



**TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR
HJÓLASTILLINGAR**

SMÍÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS

S. 587 1350

Fermingarveislur 2015

- Í Lionssalnum Lundi færðu nánast allt á einum stað
- Glæsilegir veislumatseðlar
- Innifalið í verðum er príðbúinn veislusalur með taudúkum, þjónustufólk, gos, kaffi ofl.

Ekki vera of sein - við tökum við bókunum núna

- Lambalæri með öllu
- Steikarhlaðborð
- Brunch
- Austurlenskt & Mexíkóskt
- www.fermingarveislur.is

Cocktail .is
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • cocktail@cocktail.is • salur.is • s. 899-8994



Starfsmenn Dægradvalar í Salaskóla voru vel að viðurkenningunni komnir. Auðbjörg Sigurðardóttir forstöðukona dægradvalar ásamt starfsfólki sínu.

Fjögur verkefni fengu Kópinn

Fjögur verkefni í grunnskólum Kópavogs hlutu Kópinn í ár, sérstaka viðurkenningu fyrir verkefni sem stuðla að nýbreytni og framþróun í skólum bæjarins. Verkefnin eru: Tálgerí í Snælandsskóla, Hafíð í Kópavogsskóla, Dægradvöl í Salaskóla og Stærðfræði er skemmtileg í Hörðuvallaskóla. Viðurkenningarnar voru veittar í Salnum í vikunni.

Bergljót Kristinsdóttir, úr valnefnd Kópsins, segir að tilgangur starfsins sé að hvetja skólasamfélagið til að láta vita af góðum verkefnum sem unnið er að innan skólanna, en blasa ekki endilega við almenningi. „Viðurkenningin á jafnframt að vera öðrum hvatning til góðra verka. Allt skóla-

samfélagið, stjórnendur, kennarar, starfsmenn, foreldrar og aðrir áhugasamir geta sent inn tillögur til Skólanefndar til að vekja athygli á nýbreytni í skólastarfi. Í þetta sinn komu margar tilnefningar frá ánægðum foreldrum sem er sérlega ánægjulegt,“ segir Bergljót.

20 tilefningar bárust að þessu sinni. Þau fjögur sem áður voru nefnd, en einnig, svo dæmi séu tekin, verkefni um aðlögun leikskólalabarna, spurningakeppni, skák, lestrarverkefni og margt fleira.

Bergljót segir að valnefndin hafi átt erfitt með að velja úr verkefnum „enda úr mörgum jafngóðum verkefnum að spila.“

Klofningur hjá Pírötum

Þrátahreyfingin í Kópavogi klofnaði eftir deilur í kjölfar prófkjörs flokksins. 25 tóku þátt í prófkjöriinu sem haldið var fyrir rúmum hálfum mánuði. Nokkur óánægja varð með niðurstöðuna. Ingólfur Árni Gunnarsson varð

efstur og bróðir hans Einar Páll í öðru sæti. Á félagsfundi Þírata var gerð tillaga um að fara ekki eftir niðurstöðu prófkjörsins. Svo fór að hluti Þírata gekk út og til liðs við Dögum og umbótarsinna. Rætt er við oddvita beggja flokka á bls. 14.

Yfir 200 búnir að kjósa

203 höfðu kosið utan kjörfundar hjá Sýslumanninum í Kópavogi þegar blaðið spurðist fyrir um hádegi á miðvikudag. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram hjá Sýslumanninum og er opið á virkum dögum frá klukkan 9-19. Laugardaginn 24. maí verður opið frá klukkan 10-13. Daginn eftir, sunnudag, verður opið frá klukkan 13-16. 29. maí, sem er



uppstigningardagur, verður opið frá klukkan 13-16 hjá sýslumanni. Einnig verður opið á kjördag milli klukkan 10 og 12.

Ríkisendurskoðun hefur lítið fengið frá sjálfstæðismönnum:

Sex af fimmtán hafa skilað

Aðeins sex af fimmtán frambjóðendum í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins hafa skilað upplýsingum til Ríkisendurskoðunar um kostnað vegna prófkjörs sem haldið var í byrjun febrúar. Þetta má lesa út frá gögnum á vef Ríkisendurskoðunar og upplýsingum frá stofnuninni.

Samkvæmt lögum ber að skila uppgjöri til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en þremur mánuðum eftir prófkjör, hafi kostnaður við prófkjörið farið yfir 400 þúsund krónur. Hafi kostnaðurinn verið minni en svo, er ekki lagaskylda til að skila gögnum til Ríkisendurskoðunar, en mælt er til þess að frambjóðendur sendi stofnuninni yfirlýsingu um slíkt.

Frestur til þess að skila uppgjöri samkvæmt lögum er liðinn.

Tveir með uppgjör

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun hafa tveir frambjóðendur skilað uppgjöri vegna prófkjörsins. Karen Elísabet Halldórsdóttir sem er í þriðja sæti á lista flokksins og Hjördis Johnson sem situr í fjórða sæti.

Framboð Karenar Elísabetar kostaði um 550 þúsund krónur samkvæmt uppgjöri. Hún hlaut einn styrk frá fyrirtækinu Strokkur Energy upp á 75 þúsund krónur. Annað kom frá ónafngreindum einstaklingum eða frá henni sjálfri. Uppgjör Hjördisar hefur ekki verið birt á vef Ríkisendurskoðunar en ætla má að kostnaður hennar hafi



Margrét Friðriksdóttir.

verið yfir 400 þúsund króna mörkum sem lög gera ráð fyrir.

Oddvitinn ekki búinn að skila

Fjórir frambjóðendur hafa sent Ríkisendurskoðun yfirlýsingu um að kostnaður við prófkjörið hafi verið undir 400 þúsund krónum. Ekki hvílir lagaskylda á frambjóðendum að upplýsa um kostnaðinn sé hann undir þessum mörkum.

Hörð barátta var um oddvitasætið í prófkjöriinu nú, en Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri hafði betur gegn Margrét Friðriksdóttur skólameistara MK.

Ármann notaði rúmlega 800 þúsund krónur til framboðs síns í prófkjöriinu 2010, samkvæmt uppgjöriinu sem birt hefur verið á vef Ríkisendurskoðunar. Yfir helming fjárins greiddi hann sjálfur.

„Sótt var um frest til Ríkisendur-



Ármann Kr. Ólafsson.

skaðunar fyrir 8. maí sl. Þar sem endanlegir kostnaðarreikningar og styrkir voru ekki búnir að skila sér. Þó er ljóst að kostnaður prófkjörsins er innan tilskilinna marka. Þegar greiðslur hafa skilað sér og kostnaður liggur fyrir mun uppgjöri verða skilað til Ríkisendurskoðunar,“ segir Ármann í svari við fyrirspurn blaðsins.

Tilgangur laga um fjármál stjórnmalastarfsemi eru að auka traust á stjórnmalastarfsemi og efla lýðræðið. Samkvæmt lögum liggja sektir við því að skila ekki uppgjöri til Ríkisendurskoðunar innan tímamarka.“

Samkvæmt lögum mega frambjóðendur í Kópavogi nota mest eina milljón króna til prófkjörs, að viðbættu sérstöku álagi sem miðast við stærð sveitarfélags. Í tilviki Kópavogs má heildarkostnaður við prófkjör fara upp undir fimm milljónir króna.

Ein kona í oddvitasæti í Kópavogi

Átta listar verða í framboði í bæjarstjórnarkosningunum sem haldnar verða í Kópavogi 31. maí næstkomandi. Á þessum átta listum eru yfirleitt karlar í oddvitasæti, en það er aðeins á lista Bjartrar framtíðar sem kona fer fyrir listanum. Á fimm listum er kona í öðru sæti.

Framboð í Kópavogi eru þessi: B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokksins, S-listi Samfylkingarinnar, T-listi Dögunar og umbótarsinna, V-listi Vinstri grænna og félagshyggjufólks, X-listi Næst besta flokksins, Þ-listi Þírata og Æ-listi Bjartrar framtíðar.



Sindri Hrafn Guðmundsson.

Góður árangur Blika

Keppendur frá Breiðabliki gerðu góða ferð á vormót HSK sem haldið var á Selfossi um síðustu helgi. Tíu Blikar fóru á mótið og komu margir heim með verðlaunapeninga.

Kristín Karlsdóttir sigraði í kringlukasti en hún kastaði kringlunni 32,30 metra. Þá sigraði Irma Gunnarsdóttir í hástökki, en hún fór yfir 1,51 metra.

Þá setti Sindri Hrafn Guðmundsson Íslandsmet í spjótkaсти í flokki 19 ára; kastaði 72,45 metra.

Ungir bæjarlistamenn

Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Þinna Sverrisdóttir og Salka Sól Eyfeld voru á dögnum útnefndar bæjarlistamenn Kópavogs. Þær skipa hljómsveitina Tasmania og verður samningur gerður við þær um að taka þátt í fræðslu – og menningarstarfi skólalabarna í Kópavogi haust. Hljómsveitin Tasmania hefur verið starfandi í um hálf tveimur árum en allar hafa þær þrjár skipa hljómsveitina unnið að listsköpun í langan tíma. Þær komu fram á ljóðahátíð



Kópavogsbæjar í janúar síðastliðnum þar sem þær röppuðu um konur sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Einnig lásu þær upp verðlaunaljód hátíðarinnar.

Bjór í Kór

Til stendur að vera með áfengisveitingar í tengslum við tónleika Justins Timberlake sem halda á í Kórnum 24. ágúst næstkomandi. Bæjarráð fjallaði um umsókn tónleika-

haldra um áfengisleyfi á dögnum og samþykkti fyrir sitt leyti. Tónleikahaldarar höfðu boðað áfengisveitingar á tónleikum þegar í febrúar. En á upplýsingasíðu segir að áfengi verði selt á afmörkuðum svæðum þar sem engum verði hleypt inn án skilríkja. Óheimilt verði að fara með áfengi út af svæðinu.

betrikopavogur.is

XS

**Traust
Ábyrgð
Réttlæti**

Pétur Hrafn Sigurðsson

Vilt þú farsælan meirihluta?
SETTU X VIÐ B

FRAMSÓKN FYRIR HEIMILIN

SKULDALEIÐRÉTTINGAR GEFA TÓNINN

Áralöng barátta Framsóknar fyrir hag íslenskra heimila hefur nú skilað sér í því að opnað hefur verið fyrir umsóknir um skuldaleiðréttingu.

Við ætlum ekki að hætta þar.
Framsókn í Kópavogi setur heimilin
og fjölskyldurnar áfram í forgang.

- Betri húsnæðislausnir
- Betri skólar
- Betra frístundakort
- Betri lífsgæði



fyrir **ENN BETRI**
KÓPAVOG



KRISTINN DAGUR 4. SÆTI

SIGURJÓN 2. SÆTI

BIRKIR JÓN JÓNSSON 1. SÆTI

GUÐRÚN JÓNÍNA 3. SÆTI

ÓLÖF PÁLÍNA 5. SÆTI

HELGA MARÍA 6. SÆTI

LEIÐARI

Í þínu umboði



Bæjarstjórnarkosningarnar verða eftir rétt rúma viku. Þetta er spennandi barátta. En kosningar eru enginn handboltaleikur. Þetta er alvara lífsins. Hverjir veljast fulltrúar bæjarbúa til að móta bæinn, ákveða forgangsröðun verkefna og fjármuna.

Allir sem eru í kjöri vilja gera sem mest og best fyrir bæinn og íbúa hans. En aðferðirnar eru mismunandi og stefnan er ólík. Verkefni sveitarfélagsins eru lögbundin um margt. En áherslan skiptir samt máli. Á til að mynda að greiða fyrir þjónustu sveitarfélagsins af skattfé eingöngu eða á að fjármagna hana með gjöldum? Hentar það fjölskyldufólki að greiða sérstaklega úr eigin vasa fyrir þjónustu við börn, eins og leikskóla, eða á þetta að koma úr sameiginlegum sjóðum? Eins er með þjónustu við t.a.m. eldri borgara.

Notendagjöld koma mismunandi við fólk eftir því hvernig það stendur fjárhagslega. Þúsundkallinn hefur miklu meira að segja fyrir lágláuna- eða meðaltekjumanneskju heldur en fyrir þann sem er með milljón á mánuði. Fæst okkar fylla síðast nefnda hópinn.

Einnig getur verið gott að hugsa um hvernig áherslur og verk bæjarfulltrúanna hafa bein áhrif á okkur sjálf. Þannig gætum við spurt til dæmis hvort hafi meiri áhrif á okkar fjárhag, gjaldfrjálsar máltíðir í leikskóla og grunnskóla, eða örlítið lægri fasteignaskattur?

Bláðið að þessu sinni er að mestu helgað komandi kosningum. Fulltrúar framboðanna hafa hér vettvang til að miðla hugmyndum sínum, skoðunum og sýn á hvernig Kópavogur á að vera. Bæði er þetta gert með upprifjun á viðtölum við oddvita flokkanna og nýjum viðtölum, auk þess sem framboðendur eru drjúgur við greinaskrif. Þar eru margar finar tillögur og hugmyndir, en gleymum ekki að við sjálf eigum líka að setja málin á dagskrá.

Vonandi er að þetta nýttist kjósendum okkar í kjörklefanum. Fyrst er þó að mæta á kjörstað. Dreigið hefur úr kjörsókn undanfarin ár. Við þurfum að bæta úr. Kosningar skipta máli. Atkvæðið þitt skiptir máli.

Ingimar Karl Helgason

Vandi Sunnuhlíðar og ný öldrunarrými í Kópavogi

Íbúar Kópavogs og Kópavogsbær hafa í gegnum árin komið myndarlega að uppbyggingu hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar. Segja má að hægt sé að líta með stolti yfir farin veg enda margir eldri Kópavogsbúar sem reiða sig á þá góðu þjónustu sem þar er veitt. Áralangur rekstrarvandi Sunnuhlíðar hefur gert það að verkum mikill vandi blasir nú við. Ég tel að það eigi að vera eitt af forgangsmálum nýrrar bæjarstjórnar að ráðast af metnaði í að koma að lausn rekstrarvanda Sunnuhlíðar. Þar þarf sérstaklega að herja á ríkisvaldið – því núverandi rekstrarvandi byggir á of lágum framlögum þaðan. Mikilvægt er að Kópavogsbær tryggji lausn þessa máls.

Ég tel einnig mikilvægt að haldið verði áfram við byggingu hjúkrunarheimilisins við Boðaping. Allt of langur biðlisti er fyrir hendi og að mínu viti ekki líðandi að aldrað fólk úr Kópavogi þurfi að leita til annarra sveitarfélaga eftir þessari þjónustu. Þar



Höfundur er Birgir Jón Jónsson, oddviti Framsóknar í Kópavogi

er nú fyrir hendi glæsileg þjónustumiðstöð sem vel gæti sinnt mun fleiri íbúum. Þetta er annað mál sem ég tel brýnt að ný bæjarstjórn beiti sér fyrir í samstarfi við ríkið. Við eigum að veita öldruðum góða þjónustu og áhyggjulaust ævikvöld í Kópavogi. Ég er viss um að eining muni ríkja hjá nýrri bæjarstjórn til að knýja þessi brýnu mál áfram – Kópavogsbær verður að hafa forgöngu um að leiða þessi mál til lykta.

KÓPAVOGUR

9. TBL. 2. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Matarblaðamaður: Svavar Halldórsson. Sími. 869-4940. Netfang. svavar@islenkskurmatur.is. Umbrot: Prentsmið, Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, 11.000 eintök. Dreifing: Póstdreifing.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 11.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í KÓPAVOGI

SVEITARSTJÓRNAROSNINGAR 2014

Hönnunum samfélag sem mætir þörfum allra

Undanfarin ár hef ég lagt mig fram um að vinna af heilindum að uppbyggingu í Kópavogi án beinnar aðildar að stjórnmalaflokkum, fyrr en nú. Sem óflokksbundin áhugamanneskja um betri Kópavog sat ég í atvinnu- og þróunarráði, sem lagði fram tillögu að stofnun Markaðsstofu Kópavogs. Sú hugmynd er nú er orðin að veruleika og tel ég hana mikið framfararskref fyrir atvinnurekstur í bænum. Um er að ræða sameiginlegan samstarfsvettvang fyrir fyrirtæki, samtök og menningarstofnanir auk íþróttafélaga þar sem unnið er að sameiginlegum hagsmunamálum og aukningu eftirspurnar eftir hvers kyns þjónustu. Markaðsstofunni er ætlað að styrkja stöðu Kópavogs sem næststærsta sveitarfélags landsins, áfangastaðar í ferðaþjónustu og miðstöðvar verslunar og þjónustu. Einn liður í því

að efla samstarf fyrirtækja er að stofna hagsmunasamtök atvinnufyrirtækja á ákveðnum athafnasvæðum. Með því auðveldum við bæði bæjarfélaginu að nálgast fyrirtækin og fyrirtækjunum sjálfum að koma að athugasemdum eins og til dæmis með hreinsun, merkingar, umferðabunga, jólastkraut og skipulagsmál almennt. Nú þegar hafa verið stofnuð hagsmunasamtök atvinnufyrirtækja í Smiðjuhverfi, undirbúningur hafinn á svæðinu við Bæjarlind og einnig við Nýbýlaveg. Það er ánægjulegt að finna þau jákvæðu viðbrögð sem við fáum frá fyrirtækjum við það eitt að þau komi að borðinu, taka þátt í opnu samtali og vinna saman að bestu lausn. Með sambærilegum hætti sé ég fyrir mér að hægt sé að koma á virkum hverfaráðum í Kópavogi sem er fyrst og fremst hugsuð sem vettvangur



Höfundur er Theodóra S. Þorsteinsdóttir, lögfræðingur, oddviti Bjartrar framtíðar í Kópavogi

til þess að ýta við ýmsum málum og bæta samtakamátt íbúanna og í þágu íbúanna. Ég vil halda áfram að vinna að hugmyndum um betri og öflugri Kópavog, því bið ég mig fram til þjónustu með Bjartri framtíð næstu fjögur árin. Við viljum eiga samtali við íbúa og atvinnurekendur í bænum, gera Kópavog enn eftirsóttari um leið og við aukum tekjur hans og kraft. Öflugt atvinnulíf, virðing og ný viðhorf í þjónustu er undirstaða Bjartrar framtíðar.

Íbúadagurinn- Ný hugsun í lýðræðismálum

Það er úrelt hugsun að fólk eigi að kjósa á fjögurra ára fresti og svo ráði bæjarstjórnin bara öllu þess á milli. Þinulítill skref hafa verið stigin í þá átt að breyta þessu en við getum gert betur. Við gerð fjárhagsáætlunar s.l. haust var samþykkt að tillögu VG að setja nokkrar milljónir í að þróa verkefni til að bæjarbúar gætu kosið um framkvæmdir í sínum hverfum, og þannig komið að forgangsröðun.

Fólkið ræður

Vinstri græn og félagshyggjufólk

vilja að Kópavogur ákveði að á hveju ári verði haldinn Íbúadagur. Þann dag verði kosið um þau mál sem íbúarnir hafa sett á dagskrá eða bæjarstjórn vísað til íbúanna. Með slíkum degi væri tryggt að bæjarbúar hefðu farveg á hverju ári til að koma sínum málum að, og bæjarstjórn tækifæri til að spyrja íbúana áhlits. Svipuð verkefni hafa þegar verið þróuð víða erlendis, og mælt vel fyrir. Víða hafa bæjarfélög sett sér það markmið að tilteknum hluta framkvæmdafjár hvers árs sé ráðstafað með þessum hætti.



Höfundur er Ólafur Þór Gunnarsson, oddviti VG og félagshyggjufólks

Skoðanir íbúanna skipta máli

Það er samfélagi eins og Kópavogi mikilvægt að íbúarnir finni að þeirra skoðanir skipti máli. Þannig gerum við Kópavog að samfélagi fyrir alla.

Konur til áhrifa

Við Sjálfstæðismenn í Kópavogi leggjum okkar af mörkum til að jafna þátttöku kvenna og karla í komandi sveitarstjórnarkosningum, til hagsbóta fyrir samfélagið. Eitt af mörgum skrefum í þá átt er að sjálf-sögðu að líta í eigin barm. Konur eru helmingur þjóðarinnar og staða þeirra ætti ekki að þurfa að vera sérstakt hagsmunamál enda er jöfn staða og réttur kvenna og karla tryggð með lögum. Hins vegar sýna staðreyndir og tölulegar upplýsingar að mikið vantar á að konur standi jafnfætis körlum þegar kemur að áhrifum og völdum í samfélaginu. Það er því ákveðinn árangur að á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi í sveitarstjórnarkosningum í vor, er jöfn staða kynjanna þ.e. 11 konur og 11 karlar og konur skipa átta efstu sætin til jafns við karla.

Af reynslu minni sem skólameistari og stjórnandi á einum stærsta vinnustað Kópavogs þar sem 1500 einstaklingar, nemendur og starfsmenn, sækja störf sín daglega hef ég lært að samstarf og jafnræði kynjanna er það sem mestum árangri skilar. Við í MK settum okkur jafnréttisstefnu árið 2000 sem hefur verið yfirfarin reglulega

síðan undir yfirskriftinni „Jafnrétti fyrir alla“. Jafnréttisstarf skólans hefur þrisvar hlotið viðurkenningu, tvisvar frá jafnréttisnefnd Kópavogsbæjar og einu sinni frá ráðherra jafnréttismála. Stjórnunarstíll karla og kvenna þarf ekki endilega að vera ólíkur en konur leggja oftar áherslu á samvinnu, gott upplýsingaflæði, jákvætt andrúmsloft, hlustun, umhyggjusemi og að starfsfólkinu líði vel.

Bæjarstjórn er það stjórnvald sem stendur næst íbúum og gegnir því veigamiklu hlutverki við mótun hvers bæjarfélags. Til að svo megi verða þarf starfið að taka mið af þeim stjórnunaráherslum sem að ofan greinir þar sem andrúmsloftið er jákvætt og samhugur ríkir. Með aukinni áherslu á þjónustuhlutverk sveitarfélaga verður samráð við þá sem njóta þjónustunnar, þ.e. íbúana sjálfa, stöðugt mikilvægara. Því má segja að sérhver bæjarstjórn gegni leiðtoga hlutverki við að tryggja góða þjónustu.

Jafnræði með körlum og konum á vettvangi stjórnmalanna snýst, eins og á öllum sviðum, um að samfélaginu nýttist sá auður sem býr í krafti kvenna. Hægt hefur miðað á þessu sviði að tryggja jöfnuð á milli kvenna og karla



Höfundur er Margrét Friðriksdóttir, skólameistari MK, skipar 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi

og mun hægja á Íslandi en hjá nánustu frændþjóðum okkar. Landssamband sjálfstæðiskvenna á hrós skilið fyrir áherslur sínar á verkefnið „Konur til áhrifa“ og leiðtoganámskeiðin sem haldin hafa verið víða um land. Þetta er markviss leið til að ná til kvenna, ekki síst þeirra sem yngri eru. Ég tel að raunverulegar breytingar verði að koma með góðum fordæmum og breytingum innan frá en ekki með kynjakvótum, þó þeir geti reynst nauðsynlegir í fyrstu. Við skulum hafa það í huga að hver og einn er einstakur og konur eru ólíkar innbyrðis alveg eins og karlar eru ólíkir innbyrðis. Það er gott viðmið að koma fram við fólk eins og fólk vill láta koma fram við sig.

ORMADAGAR

Barnamenningarhátíð Kópavogs 19.- 25. maí 2014
HELGARDAGSKRÁ



Laugardagur 24. maí

13:00 - 17:00

Bókasafn Kópavogs - Flugdrekanámskeið

13:00 - 17:00

Ormasýning og fræðsla í Náttúrufræðistofu

13:00 - 17:00

Við Gerðarsafn - Hoppukastalar, Candy floss og andlitsmálun

13.00 - 13.30

Kópavogskirkja - Barnakór Lindaskóla með uppáhaldslögin hans Tralla - Lalla

13:00 - 17:00

Tónlistarsafn - sýningin „Dans á eftir...“; kaffi, kleinur og stemning!

14:00 - 14:30

Kópavogskirkja - Nemendur Tónlistarskóla Kópavogs flytja tónlist úr barnaóperunni Hans og Gréta

15:00 - 15:30

Við Gerðarsafn - Sirkus Ísland

16:00 - 17:00

Við Gerðarsafn - Zumbapartý fyrir alla fjölskylduna

Sunnudagur 25. maí

11:00

Kópavogskirkja - Barnamenningarmessa með kór Lindaskóla

12:00 - 12:30

Kópavogskirkja - Tónleikar með kór Lindaskóla

15:30 - 17:00

Sundlaug Kópavogs - Sundlaugarpartý fyrir börn og unglina

Ókeypis á alla viðburði



www.ormadagar.is við erum líka á facebook



Kópavogsbær

kopavogur.is

SVEITARSTJÓRNAKOSNINGAR 2014

Einföld leið til að kaupa sér atkvæði

Það er ástæða fyrir Kópavogsbúa að hafa miklar áhyggjur af gjafmildi Ármanns Kr. Ólafssonar bæjarstjóra fyrir kosningarnar. Vixillinn sem skattgreiðendur þurfa að borga með útsvarinu sínu á næstu árum gæti slagað hátt í 3000 milljónir. Og þessir peningar eiga hvorki eftir að mynda eign eða skapa tekjur fyrir bæinn því Ármann Kr. ætlar ekki að byggja upp leiguhúsnæði í bænum sem bráðvantar. Nei, Ármann vill enga þurfalinga í bæinn sinn.

Kópavogur státar af bestu íþróttastöðu á landinu. 2010 yfirtók bærin íþróttamannvirkið Kórinn við Vatnsenda sem er knattús með stúku fyrir 2000 áhorfendur, 1800 fermetra íþróttasal sem rúmar a.m.k. tvo löglega handboltavelli, auk á þriðja þúsund fermetra sem eru ónýttir. Vaxtagjöld af mannvirkinu nema nálægt 200 milljónum á ári.

Samt sem áður hefur Ármann Kr.

lofað Gerplu því ágæta félagi nýju húsi upp í Vatnsenda upp á 600 fermetra og 600 milljónir með öllu. Augljóslega vantar Gerplu aðstöðu en er ekki hægðarleikur að nýta Kórinn? Þó ekki væri nema hálfur íþróttasalurinn um 800 fm. Þá myndi það duga og gott betur.

Ármann Kr. skrifaði á dögnum undir óutfylltan tjékka við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar um byggingu klúbbhúss sem gæti hljóðað upp á 1000 milljónir. Þá hefur hann lofað félagsaðstöðu og stúku við Kórinn fyrir HK sem hljóðar upp á 700 milljónir sem endar líklega í milljarði. Og við skulum ekki gleyma vinargreiðanum við Braga Michaelsen og 100 milljónunum sem settar voru í húsið upp í Guðmundarlundi. Og svo á eftir að reka öll þessi mannvirki og borga vaxtakostnaðinn og það er ekki lítill peningur.

Sem betur fer getur Næstbesti-



Höfundur er Hjálmar Hjálmarsson, talsmaður X-listans Næstbestaflokksins.

flokkurinn og vill ekki stunda svo augljós atkvæðakaup sem Sjálfstæðisflokkurinn gerir blygðunarlaust. Þversagnirnar blasa við í kosningaloforðum þeirra. Það á að lækka skatta og gjöld og borga skuldir um leið og gefa á allt í botni í framkvæmdum sem færa engar tekjur til bæjarins. Það sér hver maður að þetta gengur ekki upp.

Við í Næstbestaflokknum tölum fyrir ábyrgri fjármálastjórn og skynsamlegri forgangsröðun í framkvæmdum með hagsmuni allra í Kópavogi að leiðarljósi. Ykkar er valið í kjörklefanum. Áfram Næstbesti XX

Gjaldfrían leikskóla í Kópavogi!

Framboð VG og félagshyggjufólks hefur sett barnafjölskylduna efsta á blað í kosningaáherslum. Leikskólarnir eru okkur hugleiknir og viljum við efla þá eins og kostur er. Til þess að leikskólarnir geti tekist á við það hlutverk sem þeim er ætlað verður að setja meira fjármagn í rekstur þeirra en nú er gert.

Við viljum einnig fella niður leikskólagjöld í áföngum á fjórum árum og gera leikskólann gjaldfrían. Einnig er það okkar stefna að ekki verði hærra gjald greitt til dagforeldra heldur en greitt er fyrir leikskólavöl. Við viljum horfa á leikskólann sem fyrsta skólastigið án gjalds fyrstu 6 stundir dagsins, þær stundir sem börn eru í vist umfram 6 stundir verði tekið sama gjald og er fyrir dægradvöl í skólunum.

Það er stefna okkar að klára þurfi uppbyggingu nýrra hverfa í Kópavogi og viljum við hefja undirbúning að byggingu á nýjum leikskóla í Guláþingi. Það er okkar stefna að hefja eigi uppbyggingu á ungbarnaleikskólum þannig að foreldrar hafi val um að setja börnin á ungbarnaleikskóla strax eftir fæðingarorlof eða til dagforeldra.

Okkar áherslur í leikskólamállum á nýju kjörtímabili eru:

- Gera leikskóladvölinna gjaldfría í áföngum á fjórum árum.
- Skila til baka þeim fjármunum sem teknir voru úr rekstri leikskólanna.
- Sama gjald fyrir barn hjá dagmóður eins og á leikskóla.
- Nýja leikskóla í Guláþingi.
- Hefja uppbyggingu á ungbarnaleikskólum.

Dæmi um 6 stunda gjaldfrían leikskóla með fullu fæði.



Höfundur er Arnþór Sigurðsson, forritari og 4. á lista VG og félagshyggjufólks í Kópavogi.

Ár	Gjald í dag	Fæði	Gjald verður
2014	20.544	7.612	28.156
2015	15.418	7.612	23.030
2016	10.282	7.612	17.894
2017	5.136	7.612	12.748
2018	0	7.612	7.612

Dæmi um 6 stunda leikskóla með 2 stunda viðbótarvistun með fullu fæði.

Ár	Gjald í dag	Fæði	2 tímar	Gjald verður
2014	20.544	7.612	0	28.156
2015	15.418	7.612	0	23.030
2016	10.282	7.612	1.235	19.129
2017	5.136	7.612	6.381	19.129
2018	0	7.612	11.517	19.129

Eins og sjá má á þessum tveimur töflum, annarsvegar 6 stunda leikskóla og svo 8 stunda leikskóla, er um töluverða búbot að ræða fyrir barnafjölskyldur. Með þessum breytingum er leikskólinn kominn í sama horf og grunnskólinn hvað gjaldtöku varðar og er það mikið réttlætis mál. Það er því mikilvægt að merkja X við V í komandi kosningum svo vægi okkar framboðs verði sem mest á næstu fjórum árum.

Þurfa öll börn að byrja í skóla á haustin?

Í Kópavogi eru um 300 börn á biðlista eftir leikskólaplássi og hafa foreldrar lent í vandræðum vegna þessa. Foreldrar vilja að börn komist í leikskóla þegar fæðingarorlofi lýkur. Bygging nýrra leikskóla til að mæta þörfinni er dýr framkvæmd. Byggja þarf þrjá leikskóla til viðbótar til að anna þörfinni. Kostnaður gæti orðið einn milljarður króna.

Samfylkingin í Kópavogi vill leita leiða til að leysa þetta vandamál. Við viljum skoða breytt fyrirkomulag á upphafi skólagöngu barna í Kópavogi, þannig að grunnskólinn taki tvisvar á ári inn börn úr leikskólunum. Fyrirkomulagið verði þannig að um áramót á sjötta aldursári hefji börn fædd fyrir hluta árs skólagöngu í grunnskóla og í ágúst það sama ár, þau sem fædd eru síðari hluta ársins. Með því að taka helming hvers ár-

gangs, um 250 börn, inn í grunnskóla sex mánuðum fyrr en nú er, skapast rými fyrir jafn mörg börn í leikskólum, sex mánuðum fyrr en nú er. Þannig styttest tíminn sem foreldrar þurfa að brúa frá lokum fæðingarorlofs að skólagöngu.

Annar kostur við það fyrirkomulag er að oft er töluverður munur á þroska barna sem fædd eru t.d. í janúar og síðan í desember. Út frá þeim forsendum gæti verið gott fyrir börnin að innritun í skólana fari fram tvisvar á ári.

Við getum tekið dæmi af Jóni og Gunnu sem eignast barn í febrúar 2014 og taka 9 mánuði í fæðingarorlof. Því lýkur í nóvember. Þau þurfa leikskólapláss fyrir barnið, en þar sem elstu börnin í leikskólanum byrja í grunnskóla að hausti verða Jón og Gunnu að leita annarra úrræða frá



Höfundur er Pétur Hrafn Sigurðsson, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi

nóvember og fram í júní/júlí því það losna engin pláss fyrr en um haustið þegar elsti árgangurinn fer úr leikskóla í grunnskóla. Ef börn eru tekin inn í grunnskólann tvisvar á ári, í janúar og ágúst, fara elstu hópar barna úr leikskóla í grunnskóla tvisvar á ári og biðtími Jóns og Gunnu eftir leikskólaplássi styttest. Þetta er gott fyrir börnin, foreldrana og samfélagið. Þetta er hugmynd sem við hvetjum Kópavogsbúa til að kynna sér vel og útfæra með okkur. Þannig gerum við Kópavog betri.

KÓPVAOGUR

Auglýsingasíminn er 578 1190 - Netfang: auglysingar@fotspor.is

Eldhúsinnréttingar

Einstök gæði á góðu verði og vaxtalaus greiðsludreifing í 12 mánuði

Innréttingar
Skrifstofuhúsgögn
BoConcept

Þín veröld

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Hveravöllum rækta hjónin Páll og Heiðbjört íslenska tómata. Þar hefur sama fjölskyldan ræktað grænmeti óslitið frá árinu 1904. Þau búa að gamalli fjölskylduuppskrift að kryddsultu úr tómötum sem gott er að nota á brauð og kex.

- Fjölskyldusulta Páls og Heiðbjartar -

1 laukur // 4-6 tómatar // 1 græn paprika // 2 msk ólífuolía // ½ tsk cayenapípar
4 negulnaglar // 1 kanilstöng // ½ tsk af salti // 2 msk af hrásykri // 2 tsk af sitrónusafa.
Handfylli af söxuðum kóriander eða basil til að setja rétt undir lokin.

Skera grænmetið í litla bita. Hita oliuna og skella grænmetinu á pönnuna ásamt kryddum, sjóðið niður í 40-45 mín, hræra í annað veifið, eða þar til að allt er orðið vel maukað. Kæla niður. Fjarlægja negul og kanilstöngina. Njótið vel!



SVEITARSTJÓRNAKOSNINGAR 2014

Áherslumálin í Kópavogi

Bæjarblaðið Kópavogur hefur á liðnum mánuðum rætt við oddvita þeirra sem bjóða fram í bæjarstjórnarkosningunum eftir viku. Hér á eftir fara brot úr viðtölum við oddvita sem blaðið hefur þegar birt, auk þess sem birt eru viðtöl við oddvita Næst besta flokksins og Pírata sem tekin voru fyrir útgáfu þessa tölublaðs.

Samfylkingin

Blaðið ræddi við Pétur Hrafn Sigurðsson oddvita Samfylkingarinnar í lok febrúar eftir að listi Samfylkingarinnar lá fyrir. Hann sagði meðal annars um helstu mál:



„Húsnæðismálin eru mikilvægt úrlausnarefni. Nauðsynlegt er að Kópavogur stígi inn og fjölgi búsetuúrræðum fyrir ungt fólk sem og félagslegum íbúðum. Þróunin á húsnæðismarkaði höfuðborgarsvæðisins er óeðlileg þar sem lífeyrissjóðir og fjárfestingasjóðir eru að kaupa upp hundruð íbúða. Ungt fólk má sín litils í slíkri samkeppni. Íþrótt og æskulýðsmál standa mér nærri. Við munum leggja áherslu á skólamálin og ég er líka hrifinn af hugmynd frá Jónu Valgerði Kristjánsdóttur formanni landssambands aldraðra um öldungaráð í hverju sveitarfélagi og stefni að því að hrinda henni í framkvæmd hér í bæ eftir kosningar fáum við fylgi til þess að vinna að bættum hag eldri borgara hér í bæ.“

- En ef við lítum til lengri tíma. Hver eru að þínu mati mikilvægustu málin?

„Þetta sem ég nefndi áðan eru mikilvægustu málaflokkarnir ásamt því að ná tökum á fjármálum Kópavogsbæjar sem Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn hafa skilið eftir í afar slæmu ástandi. Skuldir Kópavogsbæjar nema um 40 milljörðum sem er afleitur árangur af stjórn hægri flokkanna hér

í bæ undanfarna áratugi. Þar af eru um það bil 10 milljarðar vegna Glæðheimasvæðisins,“ sagði Pétur Hrafn Sigurðsson.

Framsóknarflokkurinn

Blaðið ræddi við Birki Jón Jónsson oddvita Framsóknarflokksins í lok mars. Birki Jón telur að til skemmri tíma sé brýnast að bæta hag barnafjölskyldna í Kópavogi, að eftirlaunafólki líði betur með að eldast í bænum og að í bænum þurfi að vera „öflug uppbygging fjölbreyttrar byggðar og bættar samgöngur í Kópavogi sem mætir betur þörfum íbúanna.“



Lengri tíma markmið séu hins vegar að stunda áframhaldandi aðhald í rekstri bæjarfélagsins og lækka skuldirnar. Þá nefndi Birki Jón að tryggja þyrfti stöðugt lóðaframboð og „að það verði best að búa í Kópavogi“.

Björt framtíð

Blaðið ræddi við Theodóru Þorsteinsdóttur, oddvita Bjartrar framtíðar, í lok mars. Theodóra nefndi þá sérstaklega húsnæðismálin. Þau væru brýn í Kópavogi, bæði almennur leigumarkaður og félagslega húsnæðiskerfið. Þar þyrfti að taka höndum saman ásamt Reykjavík, öðrum sveitarfélögum og ríkinu. Þá þyrfti jafnframt stöðugt að bæta þjónustu og úrræði fyrir eldri borgara, en einnig væru skóla- og leik-

skólamála alltaf jafn brýn. Þá þyrfti að bæta stjórnkerfi bæjarins „þannig að þjónustuhlutverk bæjarins verði eft. Þurfum að auka meira gegnsæi og bæta þjónustuna,“ sagði hún um brýnustu úrlausnarefni í bænum til skemmri tíma.



Til lengri tíma litid nefndi Theodóra skuldir bæjarins sem greiða yrði niður. „Einnig finnst mér mikilvægt að Kópavogur fari í þá vinnu að móta stefnu fyrir bæjarfélagið eða ákveðna framtíðarsýn. Við þurfum t. d. að svara því hvernig viljum við hafa hverfin í bænum,“ sagði Theodóra meðal annars.

Vinstri græn og félagshyggjufólk

Blaðið ræddi við Ólaf Þór Gunnars-son oddvita á lista Vinstri grænna og félagshyggjufólks og Margrétu Júlíu Rafnsdóttur, sem situr í öðru sætinu, í byrjun apríl.



Spurð um brýnustu málin nefndu bæði þjónustu við íbúa. Ólafur kom sérstaklega inn á húsnæðismálin. „Aukið samstarf og samvinna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, og

þéttari samvinna allra bæjarfulltrúa að velferð íbúanna og bæjarins hvar sem þeir kunna að standa í flokkspólitískum skilningi.“ Margrét Júlía tók undir þetta og benti einnig á námsfólk og fólk sem er að ljúka námi. „Það er í erfiðri stöðu, með námslán og þarf heimili.“

Þau ræddu einnig málefni eldra fólks. „Þar höfum við sem sveitarfélag dregist verulega afturúr,“ sagði Ólafur Þór. „Bærinn getur orðið fyrsta sveitarfélagið til að taka upp forvarna og lýðheilsustyrki fyrir eldra fólk, en þannig stuðlum við að því að eldra fólk njóti efri áranna betur og við hin getum notið reynslu þeirra og þekkingar lengur.“

Margrét Júlía bætti því við að einnig þyrfti að forgangsraða í þágu barna og fjölskyldna þeirra. „Málefni skólanna eru hvað brýnust. Það þarf að skila aftur þeim fjármunum sem teknir voru frá börnunum okkar við niðurskurð í skólunum eftir hrun. Börnin okkar bera ekki ábyrgð á efnahagslegri stöðu bæjarins og þau eiga ekki að líða fyrir hana.“

Ólafur Þór nefndi einnig aðgengi að leikskólum strax að loknu fæðingarorlofi „og minni gjaldtaka í skólum og grunnskólum.“

Þá nefndi Margrét Júlía að tryggja þurfi betri aðkomu bæjarbúa að ákvörðunum, auk þess sem bæta megi samgöngur, þannig að fólk hafi gott aðgengi að göngu- og hjólastígum, og almenningssamgöngum.

„Til lengri tíma þurfum við að hugsa okkur hvernig getum við látið Kópavog vera sjálfbært samfélag á sem flestum sviðum,“ sagði Ólafur Þór enn fremur. „Hvernig getum við tryggt að aðkoma bæjarbúa að málum sem snerta þá beint sé tryggð? Að það sé tryggt að bæjarstjórnin sé þjónandi forysta fyrir íbúana,“ sagði Ólafur Þór.

Sjálfstæðisflokkurinn

Ármann Kr. Ólafsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, var í ítarlegu viðtali við blaðið í aðdraganda prófkjörs flokksins fyrir í vetur. Þar sagði hann um prófkjörið að hann legði störf sín sem bæj-

arstjóra í dóm kjósenda. Hann sagði að almennt gengi mjög vel í bænum. „Kópavogur hefur alla burði til að vera kominn í þá stöðu að vera best rekna sveitarfélag landsins í lok næsta kjörtímabils, ef rétt er haldið á öllum spilum. Þegar ég tala um góðan rekstur þá er ég líka að vísa til þess að í Kópavogi sé öllum málaflokkum sinnt mjög vel, svo sem leik- og grunnskólum, félagsþjónustu, málefnum eldri borgara, umhverfismálum og síðast en ekki síst íþrótt- og tómstundamálum,“ sagði Ármann auk þess að nefna að fasteignaskattar hefðu verið lækkaðir.



Hann ræddi sérstaklega um „góðan og ábyrgan“ rekstur bæjarfélagsins og niðurgreiðslu skulda. Það gleymdist stundum í umræðunni að vaxtagjöld sparist með því að borga niður skuldir, sem aftur auki svigrúm til þjónustu við bæjarbúa. „Með því til dæmis að greiða niður skuldir um milljarð á ári, eins og við höfum verið að gera, sparast vaxtagjöld sem nema allt að eitt hundrað milljónum króna á ári. Þar með getum við eftl skólana okkar og aðra þjónustu enn frekar,“ sagði hann.

Hann kom einnig inn á fegrun bæjarins og skipulag. „Til viðbótar vil ég nefna að ég tel nauðsynlegt að í nýjum hverfum verði byggðar íbúðir sem henta barnafólki vel. Auk þess legg ég áherslu á litlar og hentugar íbúðir fyrir eldri borgara í nágrenni við félagsmiðstöðvarnar. Að síðustu vil ég benda á nýja möguleika fyrir námsmannaíbúðir á Kársnesinu ef ráðist verður í göngu- og hjólréiðatengingu yfir Fossvoginn. Það myndi svo sannarlega lífga upp á mannlífið í bænum.“

Vill bæta kjör starfsmanna

Hjálmar Hjálmarsson hefur verið bæjarfulltrúi Næst besta flokksins á kjörtímabilinu. Flokkurinn býður nú fram í annað sinn. Hjálmar segir að húsnæðismálin séu brýnust. „Bæði í félagslega leiguíbúðakerfinu og á almennt séð. Við leggjum til að Kópavogsbær taki mun virkari þátt í uppbyggingu leiguíbúða í samvinnu við alla þá aðila sem að því máli vilja koma. Við leggjum líka til að bærinn skoði möguleika á því að stofna íbúðalánasjóð í eigu sveitarfélagsins sem aðstoðar fólk til að kaupa sína fyrstu íbúð. Þá leggjum við til að fasteignaskattur á 90 fermetra íbúðir og minni verði lækkaður úr 0.27% í 0.20% til að létta skattbyrði af þeim sem minnst eiga og hvetja til byggingu minni íbúða sem mikill skortur er á.“

Hjálmar nefndi einnig að létta verði byrðum af eldri borgurum. Heimilis- hjálp verði ókeypis og sömuleiðis fái eldri en 67 ára gjaldfrjálst í sund.

Mikilvægasta jafnréttismálið

„Við teljum mikilvægt að bæta þjónustu bæjarins fyrir nýja íbúa sem vilja setjast hér að og ekki síst þá sem koma

erlendis frá. Upplýsingar um þjónustu bæjarins þurfa að vera aðgengilegri og efla þarf tungumálakennslu fyrir innflytjendur.“

Til lengri tíma nefndi Hjálmar góða menntun. Hún sé mannréttindi og skóli án aðgreiningar sé „mikilvægasta jafnréttismál framtíðarinnar. Og þá er ég að tala um frá leikskóla og uppúr. Skóli án aðgreiningar er skóli

án eineltis. Einelti er eitt mesta mein samfélagsins sem við verðum að takast á við. Þetta á ekki bara við um þá sem eiga við fötlun að stríða heldur alla. Við verðum að bjóða alla velkomna að bestu menntun sem kostur er á. Það er forsenda fyrir því að geta byggt upp gott velferðarsamfélag. Þetta kostar peninga og við viljum verja peningunum í starfsfólk bæjarins sem sinnir allri þessari þjónustu. Góð kjör starfsfólksins er forsenda góðs faglegs starfs,“ segir Hjálmar.

Hækka lægstu laun

„Fyrstu skrefin sem við viljum stíga er að borga starfsmönnum leikskóla fyrir að vinna í matartímanum og einfaldlega hækka laun þeirra sem lægst bera úr bytjum. Markmiðið sem við setjum er 300 þúsun kr. lágmarkslaun fyrir



Hjálmar Hjálmarsson segist einfaldlega vilja hækka laun þeirra sem minnst bera úr bytjum.

fullt starf. Við viljum bjóða innflytjendur velkomna að borði ákvarðanatökunnar en réttindamál þeirra eru afar brýnt verkefni. Í öðru, fjórða og sjöunda sæti á lista Næstbesta eru úrvalskonur með persónulega reynslu

og þekkingu í málefnum innflytjenda. Það er löngu tímabært að við nýtum þessi verðmæti fyrir samfélagið,“ segir Hjálmar Hjálmarsson, sem aðspurður segist vera bjartsýnn á gengi Næst besta flokksins í kosningunum.



Ágæti Kópavogsbúi

Síðastliðin tvö ár hafa verið tími aðhalds, niðurgreiðslna skulda og skattalækkana á bæjarbúa. Stórfelld sókn á öllum sviðum er hafin, jafnt í málefnum skóla, aldraðra, íþrótta-, æskulýðs- og skipulagsmálum.

Það hefur verið mér mikill heiður að starfa sem bæjarstjóri ykkar síðastliðin tvö ár og býð ég mig áfram til starfans.

Höfum hugfast að til þess að stefnumið Sjálfstæðisflokksins nái fram að ganga verður að kjósa D-listann og það glæsilega fólk sem hann nú skipar, fólk með metnað fyrir hönd okkar fallega bæjarfélags, fólk sem einum rómi segir:

Áfram Kópavogur!

Kær kveðja,

Gunnar K. Ólafsson
bæjarstjóri

Kynntu þér stefnuskrána á www.xdkop.is

X-X NÆSTBESTIFLOKKURINN X-X í Kópavogi



1. Hjálmar Hjálmarsson
2. Donata H.Bukowska
3. Ásdís Helga Jóhannesdóttir.
4. Nadía Borisdóttir.
5. Sigrún Sif Jóelsdóttir
6. Einar Rafn Þórhallsson
7. Angelina Belistov
8. Ágúst Valves Jóhannesson
9. Hafsteinn Már Sigurðsson
10. Hinrik Ólafsson
11. Valgeir Skagfjörð
12. Margrét Kaaber
13. Daníel Þór Bjarnason
14. Bjarni Steinar Kárason.

„Við heitum því að vinna af heilindum og taka skynsamlegar ákvarðanir í ljósi bestu fáanlegu upplýsinga með hagsmuni Kópavogsbúa að leiðarljósi.“

MENNTUN - MANNRÉTTINDI - SAMVINNA - SKÖPUN - FJÖLBREYTTILEIKI

X-X Framboð óvenjulegra Kópavogsbúa með ólíkar lífsskoðanir sem hafa engin bein hagsmunatengsl við stjórnmalaflokka, fyrirtæki eða félagasamtök í Kópavogi. Við setjum hagsmuni íbúanna í fyrsta sæti. X-X



Grillmeistarinn býr í Kópavogi . . .

Tíðarfar hefur mikil áhrif á það hvernig við umgöngumst og upplifum mat. Það hefur varla farið fram hjá nokkrum manni á höfuðborgarsvæðinu að síðasta sumar var fremur blautt og kalt, enda júlí sá votviðrasamasti í Reykjavík í rúman áratug. Aðeins þriðjungur fólks á höfuðborgarsvæðinu var ánægður með sumarveðrið í fyrra samkvæmt könnun MMR. Og það var lítið grillað eftir því. Nú skín hins vegar sólin dag eftir dag og margir komnir í grill-skap. Þá kemur sér vel fyrir Kópavogsbúa að eina sérverslun landsins með grill og grillvörur er innan bæjarmarkana.

. . . segir þér allt sem þarf að vita . . .

Hún lætur ekki mikið yfir sér – sérstaklega yfir veturinn - þar sem hún dormar við Smiðjuveginn, en nú er hins vegar eins og hún hafi vaknað af dvala. Þegar inn er komið blasir við mikið úrval allra helstu vörumerkja, hvort sem um er að ræða grillin sjálf eða alla mögulega aukahluti. Þar inni eru auðvitað bæði kola- og gasgrill,

tangir, spaðar og allt það. Svo er hin ómissandi hamborgarapressa auðvitað líka seld í grillbúðinni. Í búðinni eru yfir sextíu gerðir af mismunandi grillum. Helsti kosturinn er þó sá brunnur sérþekkingar sem viðskiptavinir geta dreypt á.

. . . um hvernig á að velja grill . . .

Sá sem ræður ríkjum í Grillbúðinni er Einar Long. „Okkar mottó er að eiga varahluti í allt sem við seljum, því þá endast grillin lengur“ segir hann. En hvað skyldi maður þurfa að hafa helst í huga við val á grilli? „Það er mikilvægt að það sé pottjárn í grindunum til á fá sem mestan hita og halda honum. Þetta skiptir auðvitað öllu þegar maður býr í jafn vindasömu landi.“ Einar segist leggja mikið upp úr því að aðstoða með ráðum og dáð þá sem leita til hans. „Grillin þurfa auðvitað að vera úr efni sem þolir íslekniskar aðstæður“ segir hann „og fólk verður líka að taka með í reikninginn hvort hægt sé að fá þjónustu, varahluti og slíkt fyrir grillið.“

. . . og hvernig á að velja uppskriftir . . .

Merki tíðarfarsins í fyrra sáust greinilega í sölutölum um mat, bjór og léttvín. Bjórsala var tæplega þremur prósentum minni í maí, júní og júlí 2013 en árið á undan. Sala á grillkjöti var minni framan af sumri og líka sala á grillum, grillbúnaði og grillbókum. Ein þeirra bóka sem kom út í rignunni í fyrra var Grillbók Kópavogsbúans Jóa Fel. „Íslendingar eru mikil grillþjóð og setja næstum allt á grillið“ segir Jói. „Flest allir eru með gasgrill, enda erfitt að grilla á kolagrilli á Íslandi þar sem það er alltaf svolitill vindur hjá okkur. Menningin verður betri með árunum, stærri, feitari og betri steikur eru málið og eins heimalagaður kryddlögur og góðar sósur.“ Undir þetta þetur matarblaðamaður sem gaf út Íslensku hamborgarabókina í fyrra. Bragðið er í fitunni.

. . . svo þetta verði gott grill-sumar.


Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, segir mikinn vanda að spá



„Okkar mottó er að eiga varahluti í allt sem við seljum, þá endast grillin lengur,“ segir Einar Long sem hér sést í búðinni ásamt Steinari Viktorssyni.

fyrir veður fram í tímann. Einfaldara sé reyndar að spá fyrir um hita en úrkomu. Þó sé vitað að við séum á síðari hluta hlýindakafla, en á norðurhveli gangi á með sveiflum þar sem skiptis á um það bil 30 ára hýindaskeið og jafn löng kuldaskið. „Sumarið í fyrra var þó sérstaklega leiðinlegt hér fyrir

sunnan,“ segir Páll „og haustið kalt um allt land. Sumarið í fyrra skar sig úr en við getum sagt að í ár séu þokkalegar líkur á þokkalegu sumri.“ Það er því rétt að þrifa grillið og þússa tangirnar – þótt ekki sé nema bara til öryggis – og sé maður í vafa má alltaf renna við hjá Einari og félögum til að fá góð ráð.



Vardan



Barnavöruslun stofnuð 1944

Bæjarlind 14-16 ☎ 551-9031 🌐 vardan.is - facebook.com/vardan.barnavorur

SVEITARSTJÓRNAKOSNINGAR 2014

Þak yfir höfuðið

Kópavogsbær hefur alla tíð staðið ágætlega í fæturnar þegar kemur að kaupum á félagslegu húsnæði. Bærinn á í dag yfir um 400 félagslegar íbúðir en enn vilja fleiri komast að heldur en tekist hefur að anna. Það eru ekki öll sveitafélög sem hafa axlað þessa samfélagslegu ábyrgð sína jafn vel líkt og Kópavogur hefur gert. Það eru hins vegar ekki sjálfsgöð sannindi að með því því að kaupa fleiri slíkar íbúðir jafnvel í tugum eða hundruðum minnki það sjálfkrafa biðlistann eftir slíku húsnæði. Slíkar aðgerðir á vegum bæjarfélags myndu vera skýr skilaboð til þeirra sem jafnvel vilja og eru á lista eftir slíku húsnæði í öðrum bæjarfélögum.

Hagvöxtur fer vaxandi á Íslandi, smám saman dregur úr atvinnuleysi og kjör fara batnandi víða. Það að búa í félagslegri íbúð má ekki verða til þess að fólk veigri sér við að auka við sig tekjur eða stækka eða minnka fjölskyldueininguna sína. Það eru ákveðnar krítériur sem þarf að uppfylla til þess að halda slíkri íbúð hverju sinni, ákveðnar tekjur eru ein slík. Ef viðkomandi eignast td. maka eða hækkar í tekjum uppfyllir hann jafnvel ekki lengur þessi skilyrði og þarf að fara úr kerfinu og missa ákveðinn stöðugleika sem felst í skólahverfi fyrir börnin eða nálægð við leikskóla svo eitthvað sé nefnt.

Það er stefna Sjálfstæðisflokksins að gefa þeim kost, sem mögulega geta og hafa verið að bæta aðstæður sínar að fá aðstoð til þess að eignast þá íbúð sem þeir búa í og vilja halda áfram að vera



Höfundur er Karen Elísabet Halldórsdóttir, 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins.

í. Fjölskyldur festa rætur í hverfum og það er erfitt að þurfa að yfirgefa íbúð sem viðkomandi er ánægður í vegna þess að kjör hans hafa batnað. Þetta dregur úr hvata til sjálfsbjargar.

Séreignastefna Sjálfstæðisflokksins vill koma til móts við þessar aðstæður. Með hefðbundnu hlutfalli á lántöku einstaklings við íbúðakaup ásamt aðstoð við mismuninn á útborgun frá Kópavogsbæ viljum við gefa þessum einstaklingum tækifæri til þess að eignast þá íbúð sem þeir búa í. Þetta hefur ýmsa kosti með sér í för, s.s. aukið sjálfstæði og öryggi fyrir þá sem vilja fara þessa búsetuleið en einnig tækifæri fyrir bæinn að fjölga íbúðum í félagslega kerfinu með kaupum á nýjum íbúðum samhliða því að fækka þeim. Hljómar mótsagnakennt en er það í raun ekki. Með þessu kemst fólk út úr félagslega kerfinu um leið og það rýmkar fyrir þeim sem enn bíða eftir húsnæði.

Áfram Kópavogur!

Að tvöfalda íbúafjölda Kópavogs og sexfalda skuldir um leið

Sé samanburður á skuldum Kópavogs á hvern íbúa skoðaður kemur í ljós að þær eru nú rúmlega tvöfalt hærri en í Reykjavík og tæplega þrefalt hærri en í Garðabæ. Líkt og sést á myndinni hafa skuldir Kópavogs, á hvern íbúa, nær fjórfaldast frá árinu 2005.

Hærri skuldir Kópavogs væri ef til vill hægt að skýra ef skattar væru hér lægri en annars staðar. En svo er ekki. Útvar er sambærilegt í nágrennasveitarfélögum en skattþrósentu fasteignaskatts er mun hærri.




Höfundur er Ása Richardsdóttir, skipar 2. sætið á lista Samfylkingarinnar í Kópavogi

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við völd í Kópavogi í 24 ár, að undanskildum tveimur árum er jafnaðarmenn og félagshyggjufólk stýrði bæjarfélaginu. Á þeim tíma hafa skuldir Kópavogs sexfaldast, farið úr 7 milljörðum króna í 42 milljarða. Þetta er ömurleg skuldaaukning, tæplega ein og hálf milljón á hvern einasta íbúa.

Það tekur þó steininn úr þegar íbúafjölgun Kópavogs er skoðuð á sama tímabili en ætla mætti að í sveitarfélagi þar sem íbúum hefur fjölgað verulega, ætti að vera hægt að hafa tekjur og gjöld í jafnvægi. Skoðum lítinn samanburð.

Íbúafjöldi	1990	2013	Aukning
Reykjavík	97.569	119.764	21%
Kópavogur	16.186	31.726	49%

Íbúar Reykjavíkur voru 97.500 árið 1990 og voru orðnir tæplega 120 þúsund í lok síðasta árs. Þetta er 21% aukning. Á sama tíma hefur íbúatala í Kópavogi tvöfaldast, farið úr rúmlega 16 þúsund manns í tæplega 32 þúsund. Hvernig er hægt að tvöfalda íbúatölu og



Mynd Guðmundur Örn Jónsson, verkfræðingur sem skipar 17. sæti Samfylkingarinnar

fá þar af leiðandi - má ætla - um tvöfalt hærri útsvars- og fasteignaskattstekjur en sexfalda skuldir? Ég bara spyr. Þetta er ömurleg skuldaaukning. Sjálfstæðisflokkurinn keyrir á slagorðum um ábyrga og trausta fjármálastjórnun yfirstandandi kosningabaráttu. Forystumaður hans, Ármann Kr. Ólafsson, hreykir sér í fjölmiðlum af bættri afkomu vegna lóðasölu og gengismunar

sem hefur nákvæmlega ekkert með getu hans til að stýra fjármálum heldur aðeins það að ágætt fólk hefur keypt lóðir í Kópavogi og gengi krónunnar hefur styrkst.

Ég hvet Kópavogsbúa til að kynna sér fjármálastöðu bæjarins. Þar hefur ekki verið sýnd ábyrgð heldur farið illa með sameiginlega sjóði okkar og eytt um efni fram.



Auglýsingasíminn er 578 1190
Netfang: auglysingar@fotspor.is
www.fotspor.is

betrikopavogur.is

XS

Kraftur Heiðarleiki Jöfnuður

Ása Richardsdóttir

MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA

NIPPARTS
moved by mechanics

3 ÁRA ÁBYRGÐ

REYKJAVÍK, Bildshöfða 9, KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata, HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7, AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13

www.bilanaust.is | Sími: 535 9000





VÉLASALAN

Til sjávar og sveita í 70 ár

30 ár á Íslandi

TERHI

Yfir 1000 bátar seldir



Tehri Nordic 6020 C

Vélasalan ehf · Dugguvogi 4
104 Reykjavík · Sími, 520 0000
www.velasalan.is

BAZAAR REYKJAVÍK



Blóma og kryddjurtaþottar frá Hurbz
Verð 48.000 kr.

Opið í sumar
Þriðjudaga til föstudaga frá 11-18.

BÆJARLIND 6 | 201 KÓPAVOGI | 564 2013 | BAZAAR-R.IS

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SVEITARSTJÓRNAKOSNINGAR 2014

Takmörk tungumáls míns eru takmörk heims míns

“The limits of my language mean the limits of my world”
(Ludwig Wittgenstein)

Tungumálið er okkur afar mikilvægt. Það endurspeglar veruleika okkar; hugsanir, tilfinningar og langanir. Það hjálpar okkur að gefa hlutum, atburðum og upplifunum okkar nafn. Við notum tungumál til að rannsaka heiminn og lýsa honum fyrir öðrum. Til að mennta okkur og eignast vini. Móðurmálið lærur við sem börn frá fólkinu í kringum okkur og það er óaðskiljanlegur hluti þroska okkar og hæfileika. Móðurmálið veitir öryggis- og tilfinningu og fullvissu þess að við tilheyrum samfélagi. Í tungumálinu liggja rætur okkar, það lýsir eiginleikum okkar og þess vegna vitum við hver við erum og hvaðan við komum. Kunnáttu í móðurmáli og hæfileikinn til að varðveita það er einstaklega mikilvægur fyrir börn sem flytja frá heima-

landi sínu og setjast að í nýju landi. Þess vegna, eins og fræðin sanna, er góð móðurmálskunnáttu forsenda þess að barnið nái tökum á nýju tungumáli. Börn sem kunna móðurmál sitt vel ná líka betri árangri í öðrum greinum í nýja skólanum. Móðurmálskunnáttu er einnig mikilvæg í samskiptum við fjölskyldu, ekki bara fjarlæga ættingja heldur líka í samskiptum við foreldra. Hún tryggir tvítyngi sem er fjársjóður fyrir barnið sjálft og samfélagið. Að mínu mati megum við ekki spara tíma eða peninga þegar kemur að móðurmálskennslu. Við megum ekki taka frá börnum það sem er þeim dýrætast. Leyfum þeim að nýta til fulls þessa dýrætðu hæfileika. Réttu skrefin til að styðja við móðurmálskennslu í Kópavogi eru að mínu mati:



Höfundur er
Donata H. Bukowska,
í 2. sæti á lista
Næstbestaflokksins

Að auka fjárframlög til skólabókabókasafna svo þau geti keypt námsbækur á móðurmáli nemenda sinna.

Að ráðinn verði við menntasvið Kópavogsbæjar sérstakur kennsluráðgjafi í tvítungisfræðum. Hlutverk hans verði að aðstoða kennara í leikskólum og veita ráðgjöf í móðurmálskennslu fyrir tvítungd börn.

Að nýta okkur þekkingu og reynslu Alþjóðanámssversins (Nýbúdeildar) í Álfhóllsskóla í móðurmálskennslu fyrir nýbúa - í samvinnu við aðra grunn og leikskóla í Kópavogi.

„Granice mojego języka są granicami mojego świata”

(L. Wittgenstein)

Język odgrywa w naszym życiu bardzo ważną rolę. Odzwierciedla nasze myśli, uczucia, spostrzeżenia, pragnienia. Pozwala nam nazywać rzeczy, wydarzenia i czynności.

Korzystamy z języka by opisywać i poznawać świat, zdobywać wiedzę i zawierać przyjaźnie. Nasz język ojczysty, czyli ten, którego uczymy się najpierw jako dzieci, od osób z naszego najbliższego otoczenia, jest nierozdzielnie związany z rozwojem naszych indywidualnych zdolności.

Język ojczysty daje nam także poczucie bezpieczeństwa i przynależności do określonej grupy, określa naszą tożsamość i stanowi korzenie, dzięki którym wiemy, kim jesteśmy i skąd pochodzimy.

Znajomość języka ojczystego, a w zasadzie jego zachowanie i dalszy rozwój, jest szczególnie ważna dla dzieci, które wyjechały ze swego kraju i miesz-

kają za granicą. Bowiem jak dowodzi nauka – im lepsza znajomość języka ojczystego, tym lepsze wyniki w nauce języka drugiego. Dzieci dobrze znające swój język ojczysty osiągają też lepsze wyniki w nauce innych przedmiotów w nowej, zagranicznej szkole.

Znajomość języka ojczystego jest też istotna w dialogu z rodziną. Nie tylko tą dalszą, która pozostała w kraju, ale też i tą najbliższą – rodzicami. Poza tym gwarantuje ona możliwość osiągnięcia dwujęzyczności, która z kolei stanowi ogromny kapitał na przyszłość zarówno dla dziecka jak i społeczeństwa.

Jestem zdania, że nie wolno nam szczeni czasu, energii czy pieniędzy, jeżeli chodzi o naukę języków ojczystych. Nie zabierajmy dzieciom tego, co mają najcenniejsze, pozwólmy im w pełni korzystać z potencjału, jakim są ich języki ojczyste!

Dobrym krokiem w kierunku



Höfundur er
Donata H. Bukowska,
drugie miejsce na liście
wyborczej Næstbesti Flokkurinn

wspierania nauki języków ojczystych w Kópavogur bylöby:

- Zapewnienie wszystkim szkolnym bibliotekom w mieście dodatkowych nakładów finansowych na zakup książek i podręczników w językach ojczystych
- Zatrudnienie doradcy d.s. dwujęzyczności, który wspierałby nauczycieli przedszkoli w ich pracy dydaktycznej z dziećmi obcego pochodzenia
- Wsparcie i wykorzystanie potencjału i doświadczenia nauczycieli i pracowników szkoły Álfhóllsskóla, która mogłaby spełniać rolę ośrodka doradczego dla pozostałych szkół w mieście

Plastpokalaus Kópavogur

Er þú það draumórar? Ef svo er þá finnst mér við hæfi að dreyma svolítið vel um það.

Kópavogsbúar nota að meðaltali 155 plastburðapoka á ári. Það er ríflega 5 milljónir og þá er ótalið þynnri pokar sem notaðir eru undir t.d. ávexti og grænmeti. Þó svo að við notum pokana flest aftur, undir ruslið, fyrir sundfötin eða gömlu fötin sem fara inn í geymslu er þetta ótrúlegt magn. Er það ekki? Plast brotnar illa niður í náttúrunni, og þeim minni sem plastagnirnar eru þeim mun skaðlegri fyrir lífríkið. Dýr narta í plastið sem er ekki auðvelt að melta, flækjast í plastinu og það getur

valdið óþægilegum dauðdaga.

Það er hægt að nota margt annað en olíu til að bera matinn okkar heim úr búðinni. Margnota burðarpokar eru til í ýmsum gerðum. Hægt er að versla slíka poka í mörgum verslunum og kostnaðurinn við þá til lengri tíma litið mun minni en af burðarpokum úr plastinu. Eins eru til ýmsar gerðir af einnota pokum sem brotna hraðar niður í náttúrunni og eru ekki eins skaðlegir, t.d. máis og pappapokar. Út með plastið.

Þetta eru raunhæf markmið og fullt af leiðum færar. Fyrir utan almenna hvatningu og vitundarvakningu al-



Höfundur er
Hreiðar Oddsson
2. sæti Bjartrar framtíðar.

mennings er hægt að taka upp reglugerðir og sveitarfélag eins og Kópavogur getur verið leiðandi í slíku ferli.

Mig dreymir um plastpokalaus Kópavog. Ert þú til?

Heilbrigðari húsnæðismarkað



Margrét Júlía og Ólafur Þór, oddvitar VGF

Samvinna sveitarfélaga

Stofnum leigufélag á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir unga fólkið okkar

Nýjar námsmannaíbúðir á miðbæjarsvæðinu

Þjónustuíbúðir fyrir aldraða

Örugg búseta allra aldurshópa

KÓPAVOGUR

SAMFÉLAG FYRIR ALLA



Vinstri græn
og félagshyggjufólk

Sjá nánar: vg.is/kopavogur

SUMARTILBOÐ

Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is



28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,2m²

kr. 149.900,- án fylgihluta

kr. 169.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9m² - án gólfs

kr. 299.900,- án fylgihluta

kr. 339.900,- m/fylgihlutum



28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²

kr. 269.900,- án fylgihluta

kr. 299.900,- m/fylgihlutum



70 mm bjálki / Tvöföld nótun

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²

með 9 m² yfirbyggðri verönd

kr. 1.699.900,- án fylgihluta.

kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu volundarhus.is

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM miðað við verðskrá Flytjanda á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is


vöfundarhus.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

SVEITARSTJÓRNAKOSNINGAR 2014

Vilja stofna samfélagsbanka

Árni Þór Þorgeirsson er 27 ára gamall oddviti Dögunar og umbótasinna í Kópavogi. Hann hefur starfað með alþjóðlegu hreyfingunni Zeitgeist Movement, sem gengur út á samfélagslegar umbætur og er einn af stofnmeðlimum Pírata í Kópavogi.

Hann nefnir húsnæðismálin fyrst, aðspurður um áherslumálin. „Að byggja upp leigumarkað þar sem einstaklingar, pör og barnafjölskyldur geta notið fjárhagslegs og efnahagslegs öryggis.“ Einnig kemur hann inn á menntamálin og vill finna leiðir og móta kerfi „sem hámarkar þann mannaud sem býr í okkur og skilar til samfélagsins sjálfstætt fólk sem líður vel í því samfélagi sem við byggjum.“ Einnig nefnir hann samfélagsbanka. „Við viljum stuðla að stofnun samfélagsbanka sem er í eigu og rekstri íbúa bæjarfélagsins til þess að stuðla að

heilbrigðum efnahag í sveitafélaginu sem gangast öllum íbúum þess.“

Óþarfa eyðsla

Hann segist vera bjartsýnn fyrir hönd Dögunar. Hópurinn sé samheldinn og vinni vel saman. En hann gagnrýnir hins vegar núverandi meirihluta og segir raunar að bæjarstjórnin virðist að sínu mati misskilja tilgang sinn. „Sem lýsir sér meðal annars í skerðingu á grunnþjónustu og óþarfa eyðslu í gæluverkefni og greiða til einstakra aðila, á sama tíma sem skoríð er niður í grunnþjónustu. Það sem má fara



Árni Þór Þorgeirsson.

betur eru samskipti meðlima bæjarstjórnar, hún á að vera fagleg og byggja á sameiginlegri virðingu og skilning á að öll eru þau að leggja sitt af mörkum í þágu samfélagsins í heild. Það sem má einnig fara betur er sýnileiki og aðgengi bæjarbúa að bæjarstjórn sem og að bæjarstjórn sýni frumkvæði í að ná til fólks í meira mæli.“



Ingólfur Árni Gunnarsson.

Píratar vilja „fjölbreyttari rekstrarform“ í þjónustu bæjarins

Ingólfur Árni Gunnarsson, oddviti Pírata er 23ja ára og stundar nám í viðskiptafræði við HR, þaðan sem hann útskrifast í næsta mánuði. Hann segist ekki hafa haft afskipti af stjórn málum fyrr en nú, en hann sigraði í prófkjöri Pírata í Kópavogi sem haldið var á dögnum. Miklar deilur urðu vegna prófkjörsins og kloffnaði Píratahreyfingin í Kópavogi í tvennt. Ingólfur segir að fjölmiðlaumræðan hafi ekki verið sér erfið, en sér finnst að fjölmiðlar mættu sína stjórn máluum í næst stærsta sveitarfélagi landsins meiri áhuga.

Spurður um helstu stefnumál, segir hann Pírata byggja á tveimur grunnstoðum: Gegnsæi og sjálfsákvörðunarrétti.

„Gegnsæi þýðir að Kópavogsbær miðli ítarlegum upplýsingum um allan rekstur bæjarfélagsins til bæjarbúa, að virtum lögbundnum persónuverndarsjónarmiðum. Fjárhagsupplýsingar skulu bæði vera birtar sundurliðaðar og einnig samandregnar á einstakar rekstrareiningar bæjarins. Þær skýrslur, minnisblöð og önnur gögn sem liggja fyrir við ákvörðunartöku í nefndum bæjarins, bæjarráði og bæjarstjórn skulu einnig birtar gangi birting þeirra ekki gegn hagsmunum bæjarins.“

Þetta segir Ingólfur að muni leiða til aukins aðhalds bæjarbúa og fjölmiðla með rekstri bæjarins. Það leiði aftur til sparnaðar og dragi úr hættu á umboðsvanda í rekstri bæjarfélagsins. „Spilling þrífst illa fyrir opnum tjöldum og aukið gegnsæi mun auka traust bæjarbúa á störfum bæjarstjórnar,“ segir Ingólfur.

Um sjálfsákvörðunarrétt segir

Ingólfur að hann þýði ekki aðeins að beint lýðræði í formi íbúakosninga sé notað við stærri ákvarðanatökur í bæjarfélaginu, „heldur er einnig mikilvægt að íbúarnir fái aukið val um þá þjónustu sem almenn samstaða er um að bærinn veiti m. a. með fjölbreyttum rekstrarformum.“

Ingólfur segist vera bjartsýnn fyrir hönd framboðsins. „Píratar hafa verið að mælast með rúmlega 10% fylgi og við finnum fyrir mjög góðum hljómgrunn fyrir málflutningi okkar.“

Um störf meirihlutans á kjörtímabilinu segist Ingólfur telja að bæjarfulltrúar hafi hvorki staðið sig betur né verr en undanfarin kjörtímabil. Samheldni og samvinna séu þó ekki orð sem lýsi störfum bæjarstjórnarinnar á kjörtímabilinu.

„Ég held að bæjarbúar skammist sín oft fyrir orðræðuna og þau vinnubrögð sem viðgangast í bæjarstjórn og það vantar mikið upp á að bæjarbúar treysti því að alltaf sé verið að vinna með bestu hagsmuni bæjarins í huga,“ segir Ingólfur Árni Gunnarsson, oddviti Pírata.

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

VELKOMIN Í VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐ!

Í sumar er boðið upp á fjölbreytta og áhugaverða dagskrá fyrir gesti Vatnajökulspjóðgarðs með áherslu á lifandi leiðsögn og persónulega upplifun af náttúru og umhverfi þjóðgarðsins.



GESTASTOFUR

Gestastofur Vatnajökulspjóðgarðs eru upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar fyrir þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans. Gestastofurnar eru jafnframt miðstöðvar fræðslu þar sem náttúra, menningu og sögu er miðlað til gesta í sýningum, fyrirlesturum og gönguferðum með landvörðum.

Gestastofur þjóðgarðsins eru: **SKAFTÁRSTOFA** á Kirkjubæjarklaustri, **SKAFTAFELLSSTOFA** í Skaftafelli, **SNÆFELLSSTOFA** á Skriðuklaustri, **GLJÚFRASTOFA** í Ásbyrgi og **GAMLABÚÐ** á Höfn.

UPPLIFDU ÆVINTÝRI Í VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐI Í SUMAR!



Á vefnum www.vjp.is má finna allar helstu upplýsingar um Vatnajökulspjóðgarð




1 SYSTEMS OneQuality

Gæðakerfi - gæðahandbók

einfalt vinnferli við útgáfu
gæðahandbóka og skjala

- » Vefkerfi sem auðveldar allt aðgengi að handbókum og gæðaskjölum, hvort sem er á innri- eða ytri vef fyrirtækja og stofnana.
- » Hentar fyrir allar gerðir handbóka svo sem stjórnunar-, rekstrar-, skipulags-, starfsmanna-, notenda-, gæða-, umhverfis-, neyðar- og öryggishandbóka.
- » Auðveldar gerð og útgáfu gæðaskjala.
- » Getur sent skjöl í rýni til gæðatengla eða annarra til samþykktar eða yfirlesturs.

1 SYSTEMS OneRecords



OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitar- félögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma. Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitar- félögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænin innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirknan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



One býður hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



Betri Kópavog

fyrir fjölskylduna

Samfylkingin í Kópavogi ætlar að:

- hækka frístundastyrk á árinu 2015 í 30.000 krónur. Hvert barn á aldrinum 5 – 18 ára í Kópavogi fær frístundastyrk til íþróttar, tómstunda eða listnáms, óháð fjölda greina. Á kjörtímabilinu skal stefnt að því að frístundastyrkurinn verði 50.000 krónur á ári
- byggja upp traustan og hagstæðan leigumarkað með því að skapa ný úrræði í húsnæðismálum
- sýna trausta og ábyrga fjármálastjórnun og hverfa frá skuldasöfnun undanfarinna ára

Taktu þátt í umræðunni. Þín skoðun skiptir máli!

✉ betrikopavogur@betrikopavogur.is

🐦 [@xskopavogur](https://twitter.com/xskopavogur)

📘 facebook.com/SamfylkinginKopavogi

☎ 534-6770

